

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Suðurlandsvegi 1  
850 HELLU

Reykjavík, 11. nóvember 2016  
Tilvísun: OS2016110012/22.2  
Verknúmer: 1083000

### **Efni: Umsögn um tillögu að breytingu aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna Vindaborgar, vindorkugarðs í Rangárþingi ytra**

Vísað er í tölvubréf Rangárþings ytra dags. í dag, 11. nóvember, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um lýsingu að skipulagsáætlun vegna breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra, sem fylgdi bréfinu. Um er að ræða breytingu á landnotkun í Þykkvabæ í Rangárþingi ytra, vegna vindorkugarðs sem samanstendur af 13, 3ja til 3,5 MW vintúrbínum, sem samtals verða allt að 45 MW af uppsettu afli.

Leyfi Orkustofnunar þarf til að reisa og reka raforkuver. Um veitingu virkjunarleyfis fer að ákvæðum raforkulaga nr. 65/2003, sbr. einnig reglugerð nr.1040/2005. Af því leiðir að til stofnunarinnar mun, eftir atvikum, berast umsókn um virkjunarleyfi fyrir vindorkugarðinn Vindaborg.

Þegar sótt er um virkjunarleyfi þurfa fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir að vera m.a. í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir á viðkomandi svæði, sbr. 7. mgr. 5. gr. reglugerðar 1040/2005. M.ö.o. aðal- og deiliskipulag sveitarfélags um virkjunarkost verður að liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi fyrir umræddan kost.

Orkustofnun bendir á með vísan til 3.02 tl. a, 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br., eru orkuver með uppsett rafafli 10MW eða meira háð mati á umhverfisáhrifum, sbr. 5. gr. laganna, sem kveður á um að framkvæmdir sem tilgreindar eru í A flokki 1. viðauka laganna skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Orkustofnun bendir einnig á með vísan til 3.24 tl., 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br., eru stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu (vintúrbína) með 2 MW uppsett rafafli eða meira í flokki B í 1. viðauka þeirra laga aðeins tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna. Hver eining er þannig einungis tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar, en séu tvær eða fleiri einingar eða mannvirki sem notað er til vinnslu raforku sem mynda eðlilega heild og tengjast flutningskerfinu eða dreifikerfi gegnum sameiginleg tengivirki, þá teljast þær vera ein virkjun eða raforkuver sbr. 15. tl. 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Í ljósi þessa ákvæðis, ber því lögformlega að skoða þann vindorkugarð sem hér um ræðir sem eina virkjun, allt að samanlögðu uppsettu afli 45 MW. Hafa ber þó í huga að um er að ræða safn mannvirkja, þ.e. sjálfstæðra véltæknieininga sem breyta vinduorku í rafafli, í þessu tilviki að uppsettu afli 3-3,5 MW, hver eining. Að mati Orkustofnunar ættu því einkum að koma til álita við mat á umhverfisáhrifum þau viðmið sem um er fjallað í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Í ljósi þeirra viðmiða verður, að mati Orkustofnunar, ekki séð að umrædd framkvæmd, í Þykkvabæ í Rangárþingi ytra, sem samanstendur af 13, 3ja til 3,5 MW vintúrbínum, sem samtals verða allt að 45 MW af uppsettu afli, hafi umtalsverð umhverfisáhrif frekar en safn bygginga á tilteknum stað í skipulagi sveitarfélags. Orkustofnun bendir á að með umræddum vindorkugarði, er um að ræða safn mannvirkja með tilteknum eiginleikum en hvorki sjálfstætt 10 MW orkuver sem nýtir fall í vatni eða staðbundin jarðvarma, að teknu tilliti til nýtingarleyfis fyrir viðkomandi auðlind. Því er það mat Orkustofnunar að vindorkuver falli ekki undir ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 eða ákvæði vatnalaga og hafi ekki afgerandi umhverfisáhrif á auðlindir sem krefjast víðtæks umhverfismats.

Sh. A.

Að mati Orkustofnunar, gilda því um framkvæmdina, auk raforkulaga og laga um mat á umhverfisáhrifum ákvæði skipulagslaga, nr. 123/2010, en markmið þeirra laga er m.a. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi sbr. 1. gr. laganna. Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun landsvæða taka ekki til vindorkuvera, að mati Orkustofnunar enda ráða sveitarfélög sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða, sbr. 78. gr. Stjórnarskrár Íslands, laga nr. 33/1944.

Þeir þættir sem mestu varða fyrir almenning um val á staðsetningu hvernar vindtúrbínu, eða vindorkugarðs ef fleiri en eitt vindorkuver koma saman, á sama landssvæði, í nálægð byggðar, eru einkum hljóðmengun, skuggar og áhrif á landslagsmyndina. Hagkvæmustu vindtúrbínur í dag eru stórar og öflugar, þó að þær verði sífellt hljóðlátari. Ásýnd þeirra og skuggaflökt af þeirra völdum eru því það sem mest áhrif hefur á umhverfið. Vindorkan er endurnýjanlegur orkugjafi sem í stærra samhengi getur haft jákvæð umhverfisáhrif. Þess eru dæmi að vindorkuver (Whitelee í Skotlandi) hafi skapa ný tækifæri og laðað að sér ferðamenn og útivistarfólk. Það er því afar mikilvægt að vandað sé til verka við val á staðsetningu fyrir vindorkugarða og einstaka vindtúrbínur.

Rétt að hafa í huga það markmið raforkulaga *að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu*, annars vegar út frá almannahagsmunum almennt séð og hins vegar út frá möguleikum sveitarfélaga til nýrra tækifæra í atvinnuuppbyggingu. Vindorkuver eru einn af möguleikum landsbyggðarinnar til að uppfylla þessi markmið fyrir sína heimabyggð. Val á staðsetning vindorkuvera er þess vegna með ólíkum hætti annars vegar á landsvísu, t.d. á hagkvæmum stöðum í þjóðlendum og hins vegar staðbundið á vettvangi sveitarfélaga eins um væri að ræða hverja aðra uppbyggingu iðnaðarsvæða. Staðbundin vindorkuver á samkeppnismarkaði lúta í raun sömu lögmálum og hvaða iðnaður annar sem er í samræmi við ákvæði skipulagslaga þeirra.

Orkustofnun hefur kynnt sér umræddar breytingar og bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Rangárþingi ytra, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsóknar um virkjunarleyfi fyrir Vindaborg á grundvelli raforkulaga, komi til þess. Stofnunin ítrekar, eins og áður sagði, að virkjunarleyfi vegna hinnar fyrirhuguðu virkjunarframkvæmda, er háð því að hin fyrirhugaða virkjun sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir á viðkomandi svæði, sbr. 7. mgr. 5. gr. reglugerðar 1040/2005.

Orkustofnun gerir, í ljósi ofanritaðs, ekki athugasemdir eða hefur aðrar ábendingar fram að færa varðandi lýsingu að skipulagsáætlun vegna breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra sem fylgdi umsagnarbeiðni sveitarfélagsins.

Að öðru leyti hefur Orkustofnun ekki frekari athugasemdir fram að færa.

Virðingarfyllst  
f. h. orkumálastjóra

  
Skúli Thoroddsen

  
Erla Björk Þorgeirsdóttir